

Samþykki fyrir notkun lagnaefnis

Í byggingarreglugerð (grein 120) er kræfa um að byggingarvörur á markaði uppfylli ákvæði reglugerðar um viðskipti með byggingavörur, nr. 431 / 1994 og beri merki og vottorð í samræmi við kröfur hennar. Framleiðanda eða innflytjanda er skytt að halda skrá yfir öll efni, tæki og byggingarhluta er hann hefur á boðstólum og hafa tiltek afrit af vottorðum eða prófunarskýrslum frá prófunarstofu með laggingu á viðkomandi byggingarsviði, svo m. a. sé unnt á fullnægjandi hátt að meta notkunarvið vorunnar.

Í grein 120 segir jafnframt að á meðan ekki eru til staðlar og/eða tæknisamþykktir fyrir viðkomandi vöru til þess að ákvæði í málsg. 120.1 verði virk, skal krafist vottorðalagsagna um notkunarvið vöru frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarinnar, Brunamálastofnun ríkisins eða öðrum þar til bærum aðilum sem umhverfisráðuneytið viðurkennir.

Í upphafi verks skal afhenda vottorð og viðurkenningar fyrir lagnaefni sem nota á í verkinu þannig að hægt verði að meta hvort það uppfylli ofangreind skilyrði og jafnframt hvort það uppfylli kröfur sem gerðar eru.

Fráveitilagnir

Efni og frágangur

Skópléiðslur í húsgrunni skulu vera úr PVC plasti. Leiðslur í lóð skulu vera úr steinsteypum pípum.

Brunnar og niðurfallsbrunnar í plani verða úr steinsteypum einingum, en brunnlök og niðurfóll í plani úr járnsteypu. Niðurfóll í plani skulu vera með lóðréttum niðurfallsbrunn.

Steypa skal í botn á brunnum og forma skal rennsliásir í botn á brunnum sem ekki eru með sandgildru eða vatnslás. Öll samskeyti á brunnum skal þétta með þéttihringjum úr gúmmil.

Verktaki skal jafna botn í skurðum sem grafinn er fyrir pípu í réttan halla og þjappa vandlega. Síðan skal setja 150 mm þjappanlegt sandlag undir pípu. Grópa skal fyrir tengismúffum í sandlagið þannig að pípur hvíli á belgnum en ekki múffunum. Handþjappa skal 150 mm - 200 mm sandlag umhverfis og yfir pípu. Sandur umhverfis plastiðslur skal ekki hafa stærri kornastærð en 10 mm, en sandur umhverfis steinsteypur pípur og brunna má hafa 25 mm kornastærð. Setja skal gjótsveig við enda á harvatnsléiðslum og við enda á leiðslum eftir sand- og olíuskilju ásamt sýnatökubrunni.

Eftir að leiðslur hafa verið lagðar skal loka tengistútum vandlega þar til tengt verður við þá. Tengileiðslur upp í gólfplötu skulu enda 100 mm undir neðri brún á gólfplötu. Lóðréttar tengileiðslur í jörðu skulu enda 200 mm undir endanlegu yfirborði. Stilla skal brunnlök og niðurfóll í rétta hæð við lagningu steypu eða malbiks. Niðurfóll skulu sett þannig í hæð að yfirborð þeirra verði a.m.k. 20 mm neðar en hæð yfirborðs við niðurfóll.

Vinna skal verkjó í samræmi við ÍST 65, ÍST 68 eða í samræmi við aðra staða sem vísað er til.

Fráveituleiðslur í grunn og við húð

Leiðslur úr PVC plasti
Leiðslur úr PVC (Polyvinylchloride) plasti skulu vera samkvæmt DIN 19534 a.m.k. af styrkleikaflokki N samkvæmt ÍST 65. Samskeyti skulu þétt með gúmmihringjum.

Leiðslur úr steinsteypu
Leiðslur úr steinsteypu skulu vera forsteyptar í samræmi við DS 400.3. Þær skulu skeyttar saman með múffusamsetningum með þéttihring úr gúmmil.

Leiðslur úr PEH plasti
Leiðslur úr PEH plasti skulu vera samkvæmt DIN 8074 / 8075

Niðurfóll

Niðurfóll
Niðurfallsbrunnar skulu vera úr forsteyptum einingum. Steypa skal í botn á niðurfallsbrunnnum. Niðurfóll í plani skulu vera með karmi og rist úr járnsteypu. Efni skal vera GG20 samkvæmt DIN 1691. Niðurfóll við innkeyrsludyr skulu vera tæringarvarin (asphalt, epoxy), og vera með lóðréttu 100 mm tengingu. Álagsflokkur skal vera K samkvæmt DIN 19599 (prófað við 3 kN kraft). Við uppsetningu skal setja úrtök í steypu fyrir fram lengingu á niðurfóllum til þess að hægt verði að stilla hana rétt af við endanlegan frágang á gólf.

Brunnar

Brunnar
Brunnar skulu vera úr forsteyptum einingum í samræmi við DIN 4034. Neðsti hluti 1000 mm brunna skal vera úr 1000 mm brunnhringjum, en efst skal vera keila 1000/600 mm og burðarhringir fyrir brunnlök. Innsteypt þrep skulu vera í 1000 mm brunnum. Steypt skal í brunnbötn eins og sýnt er á teikningum. Hreinsibrunnar skulu vera með rennsliásum í steypum botni eða með ásoðnum tengistútum (plastbrunnar). Vatnslásbrunnar og sandskiljubrunnar skulu vera með þéttum botni og eins og sýnt er á teikningum. Öll samskeyti skal þétta með gúmmiþéttingum. Á enda einstakra græna skal setja hreinsistút, sem merkt er HS á teikningum. Hreinsistútur skal gerður með tveimur 45° beygjum frá lóðréttu leiðslu í jörðu og lóðréttu pípu að yfirborði. Á topp lóðréttu pípunnar skal setja lok úr járnsteypu.

Brunnlök

Brunnlök og karmur fyrir brunnlök skulu vera úr járnsteypu GG 20 samkvæmt DIN 1691. Álagsflokkur fyrir brunnlök utanhúss skal vera D 400 samkvæmt DIN EN 124/DIN 1229.

Sand- og olíuskilja

Öll lagna vinna skal fara eftir mengunarreglugerð, byggingareglugerð, heilbrigðisreglugerð, reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi og reglugerð um brunnavarnir.

Fjarlægja skal allan lífrænan jarðveg undan skiljunni og grafa niður á „fast“ jarðlag. Sé það dýpra en skiljustæðið, skal fylla upp undir hana með ólífrænum jarðvegi, t.d. grús sem vélþjappast í lögum eða hraun. Síðustu 100mm skulu vera sandur og skal sandurinn umlykja belg skilju, en þaðan frá og upp að jarðvegssyfirborði skal fylla með grús. Jafnframt því að fyllt er að olíu- og sandskilju skal fylla hana af vatni m. a. til að tryggja eðlilega virkni strax.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT
HAFNARFJARDAR-
OG KÓPAVOGSSVÆDIS
Garðatorgi 7 - 210 Garðabæ
15. apríl 2004
Catrin Gunnarsdóttir


Áritun samræmingarhöfundar

Regnvatnsléiðsla _____
Skópléiðsla _____

Efni í frænnisleiðslum
ST: Steinsteyptrör
PEH: Polyethylene plast
PVC: Polyvinylchloride

Önnur ták
PU: Pípa upp
PN: Pípa niður
TK: Toppkóti (ofan á brunnlök eða niðurfóll)
BK: Botnkóti
HS: Hreinsistútur

Sníðtákn
1 er númer sniðs
02 er númer teikningar þar sem snið er sýnt.



Br.	Daga.	Efni breytingar	Hannóð	Athugað

Samþ. _____ Kt. _____

Samþykkt þann
29 APR. 2004
Byggingafultrúinn í Hafnartröð
F.h. Sigurbjartur Halldórsson

EYRARTRÖÐ 3
LAGNIR Í LÓÐ
SKYRNINGAR
YFIRLITSMYND

Hannóð *UP* Athugað _____ M. 1:500
Samþ. *Ljón Þorvaldur* Kt. 040548-2979
Daga. _____ Nr. **EYRARTRÖÐ-V-01**